

Ár 2023, fimmtudaginn 19. október, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Björgu Ástu Þórðardóttur, Ernu Birgisdóttur og Presti Ríkharðssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 19/2023:

Árbær
gegn
Kormáki/Hvöt

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Aðilar máls:

Kærandi:

Árbær

Fyrirsvarsmaður: Eyþór Ólafsson

Kærði:

Kormákur/Hvöt

Fyrirsvarsmaður: Björgvin Brynjólfsson

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 8. september 2023.

II.

Kröfur:

Kærandi krefst þess aðallega að úrslitum í leik Kormáks/Hvatar gegn Árbæ í 4. deild Íslandsmóts karla þann 2. september 2023 verði breytt og Árbæ úrskurðaður 0-3 sigur í leiknum.

Til vara krefst kærandi þess að leikur Kormáks/Hvatar gegn Árbæ í 4. deild Íslandsmóts karla þann 2. september 2023 verði ógildur og leikinn að nýju.

Af hálfu kærða er þess krafist að kröfum kæranda verði vísað frá aga- og úrskurðarnefnd.

Til vara er þess krafist að kröfum kæranda verði hafnað.

III.

Málsatvik:

Í greinargerð kæranda kemur m.a. eftirfarandi fram:

Í leik Kormáks/Hvatar gegn Árbæ laugardaginn 2. september var Árbæ afhent leikskýrsla til að útfylla. Sú leikskýrsla hafði Aco Pandurevic ekki skráðan sem

varamann Kormáks/Hvatar. Að sögn leikmanns Kormáks/Hvatar handskrifaði hann Aco á skýrsluna eftir að Árbær hafði skrifað undir leikskýrsluna. Hann lét dómarann vita af breytingunni. Árbær voru aldrei látnir vita af breytingunni og höfðu því aldrei vitneskju um að Aco væri á skýrslu.

Í handbók leikja frá KSÍ kemur fram að nauðsynlegt sé að upplýsa hlutaðeigandi um breytinguna verði gerð breyting á leikskýrslu. Árbæingar voru ekki upplýstir um breytinguna, einungis dómarinn. Árbæingar hefðu því ekki getað vitað að Aco væri þátttakandi leiksins. Sú vitneskja hefði haft áhrif á þróun leiksins. Árbær hafði forystu í leiknum þar til Aco kom inn á og breytti gangi leiksins algjörlega, m.a. með því að leggja upp sigurmarkið. Árbær undirbýr sig mjög vel fyrir hvern einasta leik þrátt fyrir að leika í 3. deild og höfðu farið vel yfir andstæðinginn.

Þeim gafst t.d. ekki kostur á að nýta hálfleikinn í að undirbúa hvernig þeir ætluðu að spila gegn Aco ef hann kæmi inn á, enda var hann ekki á skýrslunni sem Árbær undirritaði. Hann var eini leikmaðurinn sem Árbær höfðu ekki farið yfir hvernig skildi stöðva í leiknum. Það geta leikmenn Árbæjar staðfest. Þar sem liðið var ekki upplýst um breytinguna, og vegna þess hve mikil og afdrifarík áhrif sú breyting hafði á þróun leiksins, fer félagið fram á að vera dæmt 3-0 sigur eða til vara að leikurinn verði spilaður aftur.

Grein 17.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót segir: „Kappleikur er því aðeins gildur, að farið sé eftir lögum og reglugerðum KSÍ.“ Ekki var farið eftir þessum reglum í handbók leikja frá KSÍ sem var samþykkt af stjórn KSÍ 29/03/2022 í samræmi við grein 1.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót (eins og kemur fram á heimasíðu KSÍ: <https://www.ksi.is/mot/handbok/leikja/handbok/leikja/2023/>)

Önnur grein í handbók leikja var brotin en þar kemur fram í kafla um Skráningu úrslita og leikskýrslu að: „Þegar bæði lið hafa fyllt út leikskýrsluna er hún prentuð út, undirrituð af fulltrúum beggja félaga og afhent dómara leiksins, eigi síðar en 45 mínútum fyrir leik. Einnig stendur í handbókinni: „Það er á verksviði og ábyrgð heimafélags að koma frágenginni leikskýrslu til dómara á réttum tíma.“ Þessari reglu var einnig ekki fylgt þar sem leikskýrslan var að dómarsins eigin sögn ekki afhent honum fyrr en 35 mínútum fyrir leik. Þetta hafði einnig áhrif á undirbúning Árbæjar fyrir leikinn og er önnur brotin regla sem ýtir enn frekar undir skv. grein 17.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að kappleikurinn hafi ekki verið gildur.

[...] Í leik Kormáks/Hvatar gegn Árbæ laugardaginn 2. september var Uros Djuric í leikbanni. Skv. reglu 36.1 segir:

„Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Félag sem notar þjálfara eða forystumann sem er í leikbanni skal sæta sektum og viðkomandi frekara leikbanni í samræmi við ákvörðun aga og úrskurðarnefndar. Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, skal sæta sekt að upphæð allt að kr. 75.000. Félag, sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, skal sæta sektum að upphæð allt að kr. 300.000 sé brotið framið í meistara flokki. Sé brotið framið í öðrum flokkum skal sektin vera allt að kr. 50.000.“

Myndbandsupptökur sýna að leikmaðurinn sem var í leikbanni fór inn á völlinn á meðan leik stóð og að leikmaðurinn kastaði keppnisbolta inn á völlinn meðan leikur var í gangi a.m.k. einu sinni en að sögn leikmanns Árbæjar a.m.k. þrisvar. Dómarinn þurfti til dæmis að stöðva leikinn og láta fjarlægja boltann.

Í greinargerð kærða kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Aðalkröfu um frávísun byggir kærði einkum á að kærufrestur, sbr. 7.1 gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál, hafi verið liðinn þegar kæra málsins barst og því beri aga- og úrskurðarnefnd að vísa kærinni frá, sbr. lokamálsliður sömu greinar.

Samkvæmt grein 7.1. í framangreindri reglugerð skulu kærur vegna kærumála berast aga- og úrskurðarnefnd KSÍ innan 5 daga frá því að atvik það, sem kært er bar við. Kærufrestur skv. grein 7.1. rann því út fimmtudaginn 7. september 2023. Samkvæmt staðfestingu frá skrifstofu KSÍ barst kæran, sem er ódagssett, kl. 00:02 föstudaginn 8. september 2023, sbr. fylgiskjal nr. 2. Kæru var því skilað til KSÍ á 7. degi frá því að atvik áttu sér stað, en sunnudagurinn er almennur frídagur. Telst kæru því hafa verið skilað á 6. degi frá því að atvik áttu sér stað og eftir að kærufrestur rann út. (laugardagur (1), sunnudagur (almennur frídagur), mánudagur (2), þriðjudagur (3), miðvikudagur (4), fimmtudagur (5), föstudagur (6); kæra berst KSÍ í tölvupósti). Kæran hefði þurft að berast KSÍ í síðasta lagi fimmtudaginn 7. september 2023.

Kærði byggir í annan stað á því að málatilbúnaður kæranda samræmist ekki kröfum 6. gr. reglugerðarinnar. Rökstuðningi fyrir kröfum kæranda er verulega ábótavant og ekki er ljóst á hvað laga- og reglugerðarheimildum dómkröfur kæranda byggja. Lætur kærandi nægja að vísa með almennum hætti til greinar 17.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þar sem segir að „Kappleikur er því aðeins gildur að farið sé eftir lögum og reglugerðum KSÍ.“ Kærandi vísar svo til Handbókar leikja frá KSÍ og byggir á því að skýrslu hafi verið skilað of seint til dómara leiksins miðað við viðmiðun þá sem sett er fram í handbókinni. Þá virðist kærandi byggja á þeim leiðbeiningum sem fram koma í handbókinni á bls. 21-22 um breytingu á leikskýrslu eftir að henni er skilað til dómara. Virðist kærandi byggja á kafla á bls. 22 „Almennt í ofangreindum tilvikum“ um að „Nauðsynlegt sé að upplýsa eftirlitsmann og aðra hlutadeigandi um breytinguna.“ Kærandi gerir þó engar tilraunir til að vísa til laga eða reglugerða KSÍ um hvernig þetta skuli leiða til þess að fallast beri á kröfur kæranda. Er kæran því vanreiðuð og er það verulegum vandkvæðum bundið fyrir kærða að taka til varnar í málinu.

Til viðbótar bendir kærði á að skv. 6. gr. reglugerðarinnar þurfi í kæru að tilgreina nafn kærða, kennitölu, heimilisfang, símanúmer, netfang sem og nafn fyrirsvarsmanns kærða, kennitölu, heimilisfang, símanúmer og netfang hans. Í kæru málsins leyfir kærandi sér að vísa aðeins til kærða sem Kormáks/Hvatar. Þá er ekki að finna kennitölu kærða, heimilisfang né símanúmer. Þá er rangt netfang tilgreint hjá kærða. Loks er enginn fyrirsvarsmáður tilgreindur hjá kærða, né nokkuð af framangreindar upplýsingum um fyrirsvarsmanninn líkt og áskilið er í reglugerðinni. Gera verður þær lágmarkskröfur til kæranda í máli sem þessu að tilgreina réttan málsaðila og kennitölu hans. Lítið mál hefði verið fyrir kæranda að átta sig á að Kormákur og Hvöt eru tvö sjálfsstæð aðildarfélög

innan KSÍ sem tefla fram sameiginlegu liði. Hefði kæranda því borið að tilgreina bæði félagin og kennitölur þeirra í kærinni. Er málatilbúnaður kæranda því í andstöðu við ákvæði framangreindrar reglugerðar og telur kærandi að slíkir annmarkar séu á málatilbúnaði kæranda að það varði frávísun málsins frá nefndinni.

[...] Verði ekki fallist á aðalkröfu kærða um frávísun krefst kærði til vara að kröfum kæranda verði hafnað. Í því felst að úrslit leiksins verði staðfest, en leikurinn endaði 3-2 fyrir kærða. Kærði byggir á því að úrslit knattspyrnuleikja skuli ráðast á knattspyrnuvellingum og að ákvarðanir dómara séu endanlegar.

Kærði skilaði inn undirritaðri leikskýrslu til dómara leiksins fyrir leikinn, þar sem nafn/kennitala Aco Pandurevic var handskrifað inn á leikskýrsluna. Það var gert vegna tæknilegra vandamála með aðgang kærða að „innri vef“ KSÍ, líkt og ítarlega er rakið í málavaxtalýsingu hér að framan. Kærði lét dómara leiksins vita af vandamálinu og ráðlagði dómarninn hvernig leysa skildi úr því. Kærði fylgdi þeim leiðbeiningum í einu og öllu. Þar sem Aco Pandurevic var skráður sem varamaður á leikskýrsluna sem var undirrituð og skilað til dómara leiksins, er ekki um að ræða breytingu á leikskýrslu líkt og kærandi virðist byggja á. Þær leiðbeiningar sem kærandi virðist byggja á og er að finna á bls. 21 – 22 í handbók leikja frá KSÍ eiga aðeins við um breytingu á leikskýrslu eftir að hún hefur verið útfyllt og skilað til dómara, sbr. fyrsta málsgrein í reglum handbókarinnar. Þar því þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfum kæranda. Vísast einnig til úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í máli nr. 14/2021, sbr. fylgiskjal nr. 3. Í því máli lá fyrir að breytingar voru gerðar á leikskýrslu af hálfu beggja liða frá upphaflegu forskráðu leikskýrslunni. Þær breytingar voru skilmerkilega færðar inn á leikskýrsluna og hún undirrituð af báðum liðum. Var skýrslunni skilað þannig til dómara áður en leikur hófst. Þá lá fyrir að engar breytingar voru gerðar á skýrslunni eftir að leikur hófst. Tiltók nefndin í úrskurði sínum að þegar af þeirri ástæðu ættu reglur handbókar KSÍ, sem kærandi byggði málatilbúnað sinn á, ekki við í málinu, enda gildi þær eingöngu um breytingar á leikskýrslu eftir að henni hefur verið skilað til dómara og áður en leikur er hafinn.

Alþekkt er hjá þeim sem hafa komið að leikskýrslugerð á „Innri vef“ KSÍ að oft koma upp tæknileg vandamál, líkt og gerðist í þessu tilfalli, með nöfn og númer einstakra leikmanna. Hefur verklagið hingað til sem áður verið að láta dómara leiksins vita og handskrifa þá inn á skýrsluna það sem ekki hefur gengið að skrá á „innri vefnum.“ Var því verklagi fylgt í þessu tilviki að höfðu samráði við dómara leiksins. Samræmisskýring á grein 9.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót frá apríl 2023 leiðir jafnframt til þess að lögum hafi verið fyllt en þar kemur fram: „Leikskýrsla skal gerð á vef KSÍ en til vara á eyðublöðum útgefnum af KSÍ og skal farið að leiðbeiningum KSÍ við útfyllingu hennar.“ Þannig er gert ráð fyrir að unnt sé að fylla út leikskýrslu handvirkt til vara. Þar sem náðist að fylla inn alla leikmenn nema einn, var honum bætt inn á leikskýrsluna handvirkt líkt og varaleiðin heimilar.

Vegna þess sem fram kemur í málatilbúnaði kæranda um að leikskýrslan hafi ekki verið afhent dómurum leiksins 45 mínútum fyrir leik líkt og leiðbeiningar Handbókar KSÍ kveða á um, bendir kærði á að ástæða þess var sú að lið kæranda hafði ekki verið skráð inn á „innri vef“ KSÍ á tilsettum tíma. Dómarar leiksins

voru á þessum tímapunkti í senn meðvitaðir og upplýstir um vanrækslu kæranda á að skila inn liðsskiptan sinni á „Innri vef“ KSÍ.

Þó það teljist á verksviði og ábyrgð heimaliðs að koma frágenginni leikskýrslu til dómara á réttum tíma, þá er það eðli máls samkvæmt ómögulegt ef annað liðið hefur vanrækt skyldur sínar um að fylla út liðsskiptan sína á réttum tíma, líkt og raunin var í tilfalli kæranda sjálfs. Er því ekki við kærða að sakast að leikskýrslu var ekki skilað á réttum tíma til dómara leiksins, heldur kæranda sjálfan. Framlögð rauntímagögn staðfesta vanrækslu kæranda, sbr. fylgiskjal nr. 1, en jafnframt er óskað eftir því að aga- og úrskurðarnefnd kalli eftir staðfestingu frá dómara leiksins um að kærandi hafi ekki skilað inn skráningu á liði sínu á réttum tíma á „Innri vef“ KSÍ.

Enga tilvísun er að finna í kæru til heimilda í lögum eða reglugerðum KSÍ um að aga- og úrskurðarnefnd geti úrskurðað um að tafir á skilum á leikskýrslu til dómara eða tæknileg vandamál við útfyllingu leikskýrslu skuli valda því að útiliði skuli dæmdur 0-3 sigur eða leikurinn skuli endurtekinn líkt og kröfugerð kæranda hljóðar á um. Kærði vísar ennfremur í því sambandi til 34. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót frá apríl 2023. Í grein 34.1. kemur fram að „öll mótmæli varðandi undirbúning kappleiks, keppnisvöll, dómara, aðstoðardómara, stærð knattar eða annað viðvíkjandi framkvæmd leiksins, skulu borin fram við dómara fyrir leikinn af forráðamanni eða fyrirliða, ella hafa leikaðilar fyrirgert rétti sínum til að kæra ástandsbot.“ Kærandi bar engin mótmæli fram við dómara fyrir leikinn vegna frágangs leikskýrslu (undirbúningur kappleiks). Þá voru heldur engin mótmæli borin upp við dómara eftir leikinn. Í því samhengi má vísa til þess að við brottför hrósuðu dómara leiksins starfsmönnum kærða fyrir góðar móttökur og umgjörð áður en þeir yfirgáfu Blönduós. Með vísan til greinar 34.1. telst kærandi því hafa fyrirgert rétti sínum til að kæra þau meintu brot sem kæra hans byggir á.

Til viðbótar vill kærði benda á að undirskrift fyrirliða Árbæjar var fölsuð á leikskýrslunni og var það gert fyrir framan tvo liðsmenn kærða, sbr. fyrri umfjöllun í málavaxtalýsingu. Sú háttsemi varðar við grein 36.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót frá apríl 2023, en þar segir: „Þjálfari eða forystumaður sem stuðlar að því að nafn eða kennitala er fölsuð á leikskýrslu skal sæta leikbanni eða banni frá stjórnunarstörfum í knattspyrnu í allt að eitt ár.“ Er því beint til KSÍ að hefja rannsókn á því máli og beita viðkomandi aðila viðeigandi viðurlögum.

Í kæru kemur fram að kærandi vilji koma á framfæri að Uros Djuric, leikmaður kærða hafi verið í leikbanni. Vísar kærandi svo til greinar 36.1 í reglugerð um knattspyrnumót. Sú grein sem fjallar um ef lið mætir ólöglega skipað til leiks og notar leikmann eða þjálfara í leikbanni. Kærandi vísar svo til þess að fyrrnefndur Uros hafi a.m.k. einu sinni kastað keppnisbolta inn á völinn en að sögn leikmanns Árbæjar a.m.k. þrisvar. Kærandi reifar ekkert frekar hvaða þýðingu þetta kunnir að hafa í málinu. Kærði undirstrikar að því sé alfarið mótmælt sem röngu að umræddur aðili hafi viðhaft þá háttsemi sem kærandi tilgreinir. Umræddur aðili var hvorki í leikmannahópi kærða né í liðstjórn. Hafði hann enga aðkomu að leiknum. Á ákvæði reglugerðarinnar því ekki við. Þá sér kærði ekki hvernig meint háttsemi umrædds aðila gæti orðið til þess að fallist yrði á kröfur kæranda í

málinu, enda ekkert í lögum eða reglugerðum KSÍ sem segir að hegðun áhorfenda geti orðið til þess að heimaliði verði dæmdur ósigur eða leikur endurtekinn.“

IV. Niðurstaða:

Málið varðar útfyllingu á leikskýrslu fyrir leik Kormáks/Hvatar og Árbæjar í 3. deild Íslandsmóts karla sem fram fór þann 2. september sl. Óumdeilt er að nafn Aco Pandurevic, leikmanns Kormáks/Hvatar var ekki skráð á rafrænt eintak af leikskýrslu í aðdraganda umrædds leiks. Hins vegar er vísað til þess bæði í greinargerð kærða og í greinargerð kæranda að nafn Aco Pandurevic hafi verið handskrifað á útprentað eintak af leikskýrslunni.

Í greinargerð kærða er til þess vísað að upp hafi komið tæknilegt vandamál á innri vef kærða á vef KSÍ við skráningu eins leikmanns á leikskýrslu, Aco Pandurevic, í leik Kormáks/Hvatar og Árbæjar þann 2. september sl. Vandamálið hafi lýst sér þannig að ekki hafi reynst unnt að skrá leikmanninn á rafrænt eintak leikskýrslu, sama hvað reynt var. Í gögnum málsins liggur fyrir staðfesting frá dómara leiksins, Gunnari Oddi Hafliðasyni, að honum hafi verið gert viðvart um umrætt vandamál. Staðfestir dómari jafnframt að vandamál hafi verið á innri vef KSÍ og ekki hafi verið hægt að setja leikmanninn á rafrænt eintak leikskýrslu vegna tæknilegra vandamála. Nafn leikmannsins, Aco Pandurevic, og kennitala hafi því verið handskrifað á útprentað eintak leikskýrslunnar.

Að mati nefndarinnar verður ekki séð af gögnum málsins að um hafi verið að ræða breytingu á leikskýrslu af hálfu Kormáks/Hvatar, er Aco Pandurevic var færður inn á útprentaða leikskýrslu í aðdraganda leik liðsins við Árbæ í 3. deild karla. Lítur nefndin svo á upp hafi komið tæknilegt vandamál við skráningu á rafrænni leikskýrslu á innri vef KSÍ sem gerði það að verkum að Aco Pandurevic, leikmaður Kormáks/Hvatar, gat ekki verið skráður þar á meðal varamanna. Dómara var tilkynnt um vandamál vegna leikskýrsluskráningar og hafi hann heimilað liði Kormáks/Hvatar að handskrifa nafn Aco Pandurevic á útprentað og undirritað eintak af leikskýrslu. Í Handbók leikja 2023, sem samþykkt var af stjórn KSÍ í samræmi við fyrrnefnda grein 1.4., er fjallað um skráningu úrslita og leikskýrslu. Ekki verður séð að Kormákur/Hvöt hafi neinn hátt gerst brotlegt við ákvæði handbókar leikja um skráningu úrslita og leikskýrslu. Tæknilegt vandamál hafi komið í veg fyrir að einn leikmaður Kormáks/Hvatar hafi ekki verið skráður á rafrænt eintak leikskýrslu í leik liðsins gegn Árbæ.

Óumdeilt er að sá leikmaður sem tók þátt í leik Kormáks/Hvatar gegn Árbæ fyrir hönd Árbæjar en var ekki skráður upphaflega á rafrænt eintak leikskýrslu, Aco Pandurevic, var hlutgengur til þátttöku í þeim leik, sbr. 3. grein reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Var því lið Kormáks/Hvatar löglega skipað til leiks og verður ekki gert að sæta viðurlögum á grundvelli óhlutgengis, skv. grein 36.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Kröfum kæranda um að Árbæ verði úrskurðaður 0-3 sigur í leik gegn Kormáki/Hvöt í 3. deild karla er því hafnað.

IV.

Úrskurðarorð:

Úrslit í leik Kormáks/Hvatar og Árbæjar í 3. deild karla, sem fram fór þann 2. september 2023, skulu standa óhögguð.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 16.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Björg Ásta Þórðardóttir [sign]

Erna Birgisdóttir [sign]

Þróstur Ríkharðsson [sign]